ÍSLENSK VERÐBRÉF

Stefna um varnir gegn hagsmunaárekstrum

1 Inngangur

Stjórn ber að tryggja að Íslensk verðbréf hf. (hér eftir „**ÍV**“ eða „**félagið**“) standi vörð um hagsmuni viðskiptavina félagsins og orðspor félagsins með því að tryggja að viðskipti fari ekki fram eða ákvarðanir teknar sem geti gefið tilefni til gagnrýni á stjórnarhætti, stjórnendur eða starfsmenn félagsins vegna hagsmunaárekstra. Stefnan endurspeglar áherslu félagsins á eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og fylgni við þau lög og reglur sem gilda um starfsemina.

Stefnan er sett til að lýsa með skýrum hætti hvernig ætlast er til þess að félagið starfi með það markmið að sporna við hagsmunaárekstrum, þannig að öllum hlutaðeigandi sem gegna hlutverki innan stjórnkerfis félagsins sé ljóst hvað sé falið í hlutverki þeirra í þeim efnum.

2 Réttarheimildir

Stefna þessi byggir á lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði, lögum nr. 45/2020 um rekstaraðila sérhæfðra sjóða, lögum nr. 115/2021 um markaði með fjármálagerninga, framseldum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2013 og 2017/565, leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 64/2014 um aðskilnað starfssviða.

3 Stefnuyfirlýsing

Félagið skal hafa til staðar fullnægjandi reglur og ferla til að draga úr hættu á að þeir sem reglurnar taka til tengist einstökum úrlausnarefnum með þeim hætti að draga megi í efa óhlutdrægni þeirra við meðferð og afgreiðslu einstakra mála viðskiptavina félagsins. Það skal m.a. gert með:

- Greiningu á mögulegum ástæðum fyrir hagsmunaárekstrum.
- Setningu innri verklagsreglna og annars konar leiðbeininga.
- Koma á skilvirkum ferlum og verklagi sem tryggir að þeir sem vinna að gerð og innleiðingu áætlana og stefna félagsins séu meðvitaðir um hvar hagsmunaárekstrar geta verið og hvernig taka skuli á slíkum árekstrum.
- Vinna að fræðslu og ráðgjöf við starfsfólk um hugsanlega hagsmunaárekstra og virði þess að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra.
- Því að til staðar sé virkt innra eftirlit til að kanna að gætt sé að framangreindu.

4 Skilgreiningar

Með hagsmunaárekstrum er í stefnu þessari átt við það þegar andstæðir hagsmunir stangast á eða eru til þess fallnir að stangast á, s.s. hagsmunir viðskiptamanna félagsins, sjóða eða sjóðsdeilda í rekstri félagsins, starfsmanna félagsins eða félagsins sjálfs.

5 Hlutverk og ábyrgð

Stjórn

Stjórn skal setja stefnu um varnir gegn hagsmunaárekstrum og hafa eftirlit með því að stefnunni sé framfylgt.

Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri sér til þess að til staðar sé virkt innra eftirlitskerfi með ferlum og verklagi til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

5.1.1 Framfylgni

Framkvæmdastjóri og stjórnendur bera ábyrgð á því að stefnu þessari og innri reglum félagsins sem varða varnir gegn hagsmunaárekstrum sé framfylgt innan þeirra sviða. Starfsmenn bera ábyrgð á því að stefnu þessari og innri reglum félagsins um varnir gegn hagsmunaárekstrum sé framfylgt.

5.1.2 Ábyrgð á greiningu á mögulegum hagsmunaárekstrum og setningu reglna

Framkvæmdastjóri og stjórnendur félagsins bera ábyrgð á því að fram fari greining á mögulegum hagsmunaárekstrum sem snertir viðkomandi starfssvið, tryggja að til staðar séu verklagsreglur og ferlar sem er ætlað að tryggja fylgni við lög, reglur og heilbrigða viðskiptahætti og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

5.1.3 Kynning á efni reglna um varnir gegn hagsmunaárekstrum

Framkvæmdastjóri skal tryggja að starfsfólk félagsins yfirfari stefnu þessa og reglur um varnir gegn hagsmunaárekstrum.

6 Regluvörður

Skrá um hagsmunatengsl

Regluvörður skal halda skrá um hagsmunatengsl stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og starfsmanna sem koma að ákvörðunum og framkvæmd viðskipta með fjármálagerninga fyrir hönd viðskiptavina í eignastýringu eða sjóða í rekstri félagsins.

Eftirlit og fræðsla

Regluvörður skal hafa eftirlit með því að gerðar séu ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi félagsins í samræmi við gildandi lög, stefnu þessa um varnir gegn hagsmunaárekstrum, starfsreglur stjórnar og aðrar innri reglur félagsins. Framkvæmdastjóri skal fylgja því eftir að starfsmenn fái fræðslu um stefnu þessa og regluvörður hafa eftirlit með því. Þeir sem stefnan tekur til geta leitað álits regluvarðar varðandi hugsanlega hagsmunaárekstra og viðbrögð við þeim.

Heimildir regluvörslu

Regluvörður getur hvenær sem er krafið þá sem koma að ákvörðunum um fjárfestingar og framkvæmd viðskipta í eignastýringu eða fyrir sjóði í rekstri félagsins, hvort sem er framkvæmdastjóra eða starfsmenn félagsins, um yfirlit yfir eign þeirra á fjármálagerningum og einstök viðskipti með fjármálagerninga. Er þeim skylt að afhenda regluverði slíkar upplýsingar.

Regluvörður skal a.m.k. árlega útbúa skýrslu fyrir framkvæmdarstjóra um tilvik þar sem skapast hafa hagsmunaárekstrar og ráðstafanir sem gripið var til vegna þeirra.

7 Varnir gegn hagsmunaárekstrum

Greining á hagsmunaárekstrum

Hagsmunaárekstrar geta komið upp í allri starfsemi félagsins, hvort sem um er að ræða í daglegri starfsemi eða í tengslum við störf stjórnar. Greining á mögulegum hagsmunaárekstrum skal því vera partur af daglegu starfi allra þeirra sem bera ábyrgð á framfylgni stefnu þessarar og skal því höfð í huga í hvívetna.

8 Skráning hagsmunatengsla – skylda til upplýsingagjafar

Stjórn

Um hagsmunaskráningu stjórnar fer samkvæmt starfsreglum stjórnar.

Starfsmenn sem starfa við eigna- og sjóðastýringu

Þeir starfsmenn félagsins sem koma að ákvörðunum um fjárfestingar og framkvæmd viðskipta í eignastýringu eða fyrir sjóði í rekstri félagsins, skulu upplýsa um hagsmunatengsl sín og maka sinna við upphaf starfa sem og allar breytingar sem verða á högum þeirra á starfstíma þeirra.

Með hagsmunatengslum er átt við upplýsingar sem varða viðkomandi einstakling og maka hans, eftir því sem við á, og varða:

a) Vinnuveitanda
b) Vinnuveitanda maka starfsmanns ef makinn er lykilstarfsmaður.
c) Önnur trúnaðarstörf, t.a.m. stjórnarseta í öðrum félögum.
d) Eignarhluti í félaginu og félögum innan sömu samstæðu.
e) Kaupréttarsamninga við félagið eða aðra vegna hluta í félaginu og félaga innan sömu samstæðu.
f) Eignarhluti í öðrum félögum sem nema 10% eða meira.
g) Eignarhluti í öðrum félögum en þeirra sem getið er í e) lið þar sem starfsmaður hefur verulegra hagsmuna að gæta.
h) Helstu samkeppnisaðila félaga sem viðkomandi á 10% eða meira í.
i) Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila félagsins.
j) Hagsmunatengsl við helstu samkeppnisaðila félagsins.
k) Hagsmunatengsl við hluthafa sem eiga 10% eða meira í félaginu eða félögum innan sömu samstæðu.
l) Nákomnir aðilar, sbr. lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum.

Aðgengi að skrá um hagsmunatengsl

Skrá um hagsmunatengsl sem regluvörður heldur utan um skal vera aðgengileg þeim starfsmönnum sem koma að ákvörðunum um fjárfestingar og framkvæmd viðskipta félagsins með fjármálagerninga, stjórn, framkvæmdastjóra, og ytri endurskoðanda.

9 Reglur um varnir gegn hagsmunaárekstrum

Draga skal úr hættu á hagsmunaárekstrum með skipulagi ÍV og aðgreiningu starfssviða. Starfsemin skal aðgreind, þannig að ekki sé hætta á flæði upplýsinga á milli þeirra við dagleg störf. Skipulag tölvukerfa skal einnig vera með þeim hætti að það tryggi aðgreiningu sviðanna.

Vegna tengsla ÍV við eiganda virks eignarhlutar er lögð sérstök áhersla á aðgreiningu og óhæði félagsins frá móðurfélagi þess og gegnsæi í viðskiptum þessara aðila. Þannig er starfsstöð félagsins skýrlega aðgreind frá starfsemi VÍS og gerðir skriflegir samningar um viðskipti milli aðila og viðskipti að öðru leyti rekjanleg.

Setja skal innri reglur og verkferla sem taka á þeim tilvikum þar sem hagsmunaárekstrar kunna að skaða hagsmuni viðskiptamanns.[1]

Reglur um viðskipti með fjármálagerninga og viðskipti starfsmanna félagsins

Setja skal reglur um viðskipti með fjármálagerninga sem er ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra vegna viðskipta með fjármálagerninga.

Reglur um atvinnuþátttöku starfsmanna

Setja skal reglur um atvinnuþátttöku starfsmanna sem er m.a. ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

Reglur um fríðindi til starfsmanna

Setja skal reglur um fríðindi til starfsmanna frá viðskiptavinum, samstarfsaðilum og birgjum sem er m.a. ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

[1] Sjá: Reglur um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum

Siða- og hátternisreglur

Setja skal siða- og hátternisreglur til að stuðla að því að starfsmenn félagsins starfi af heiðarleika, fagmennsku, kostgæfni og sanngirni og starfi með hagsmuni viðskiptavina félagsins, sjóða, fjárfesta þeirra og heilleika markaða að leiðarljósi.

10 Viðskipti við tengda aðila

Félagið skal í viðskiptum við tengda aðila og ávallt þegar hagsmunatengsl eru til staðar sérstaklega gæta armslengdarsjónarmiða, þ.e. að viðskipti við viðkomandi aðila séu gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

11 Eftirlit

Regluvörður skal hafa eftirlit með framkvæmd stefnu þessarar.

12 Breytingar og gildistaka

Stefnan tekur gildi við undirritun. Stjórn skal endurskoða þessa stefnu að minnsta kosti einu sinni á ári.

12.1 Breytingaskrá

Útgáfa	Dagsetning	Ákvörðunaraðili	Breyting
1.0	31.03.2025	Stjórn	Ný stefna

12.2 Útgáfustjórnun og ábyrgð

Útgáfa	1.0	**Dagsetning**	31.03.2025
Ákvörðunaraðili:	Stjórn	**Endurskoðun:**	31/03/2026
Umfang:	Varnir gegn hagsmunaárekstrum.		
Gildissvið:	Stefnan nær til ÍV, þ.m.t. stjórnar félagsins, framkvæmdastjóra og stjórnenda.		
Yfirskjal:			
Eigandi:	Framkvæmdastjóri		
Birting:	Heimasíða		

Þannig samþykkt af stjórn Íslenskra verðbréfa hf.